

manna, eða í tilkynningum til skrásetningar, skulu þeir sæta sektum eða fangelsi, 46
samkv. 26. gr. hinna almennu hegningarlaga, nema verkið varði þyngri refsingu 13. júní
að lögum.

Sömuleiðis liggja sektir við, allt að 2000 kr., ef þeir herma vísvitandi eða af
stórfelldu gáleysi rangt eða villandi frá öðrum skjölum, viðskiptabréfum, umburð-
arbréfum eða tilkynningum um eignir og efnahag félags, er þeir stýra, eða ef þeir
brjóta ákvæði 26. gr.

Ennfremur varðar það sektum, allt að 1000 kr., að vanrækja tilkynningu til
skrásetningar lögum þessum samkvæmt.

43. gr.

Mál út af brotum þeim, sem um er rætt í undanfarandi grein, skulu rekin sem
almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

44. gr.

Gjöld fyrir störf þau, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í
ríkissjóð, og eru þau sem hér segir:

- a) Fyrir skrásetningu félags, sem eigi hefir verið skrásett áður, kr. 30.00.
- b) Fyrir skrásetningu útibús kr. 20.00.
- c) Fyrir skrásetningu breytinga eða viðauka við eldri skrásetningu kr. 15.00.
- d) Fyrir að afmá skrásetningu greiðist helmingur af ofanrituðum gjöldum.

45. gr.

Félögum, sem skrásett eru eftir þessum lögum, er einum heimilt að hafa orðin
„kaupfélag“, „samvinnufélag“, „pöntunarfélag“ eða önnur orð, sem merkja sam-
vinnufélag, í nafni sínu, eða skammstafanir úr þeim orðum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

47

um sölu kirkjujarðarinnar Sanda í Þingeyrarhreppi.

5. júlí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og
Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og
Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með
samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Þingeyrarhreppi kirkjuförðina Sanda í Þing-
eyrarhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

47
5. júlí

2. gr.
Kaupverðið greiðist eins og fyrir var mælt í lögum nr. 50 16. nóv. 1907.

3. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 5. júlí 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

48
5. júlí

L Ö G

um reiknings- og skuldaskil sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Stjórn sparisjóðsins Gullfoss í Hrunamannahreppi er falið að framkvæma reiknings- og skuldaskil fyrir nefndan sparisjóð, undir umsjá skiptaráðandans í Árnessýslu.

2. gr.

Stjórn sparisjóðsins skal nú þegar skipta því fé, sem er í sjóði, milli innstæðueigenda, í réttu hlutfalli við innstæður þeirra í sjóðnum.

Réttur eigandi sparisjóðsbókar telst sá gagnvart sjóðnum, sem samkvæmt bókum hans er talinn eigandi hennar 15. nóv. 1934.

3. gr.

Ef innstæðueigandi er í skuld við sjóðinn, hvort sem sú skuld er stofnuð af honum sjálfum eða hún fellur á hann fyrir ábyrgð við sjóðinn, þá er hluti af innstæðu hans, eða innstæðan öll að því leyti sem hún hrekkur til, gild borgun upp í slíka skuld, að frádregnum sama hluta, sem aðrir innstæðueigendur verða að þola til niðurfærslu á sínum kröfum, og verður sjóðurinn ekki krafinn um þann hundraðshluta, sem dreginn er frá gagnkröfum samkvæmt framanskráðu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast innheimtu útistandandi skulda hans, og skal innheimtunni hraðað svo sem kostur er á. Stjórnin skiptir hinu innheimta fé á þeim tímum, sem skiptaráðandinn í Árnessýslu ákveður, milli innstæðueigenda eftir reglum 2. gr.

Nú er innheimtu lokið og fénu skipt eftir reglum þessara laga, og hafa þá innstæðueigendur tapað þeim hluta innstæðna sinna, sem ekki hefir greiðzt.